Bankinn sem Bankastræti er nefnt eftir

Með sölu ríkisins á hlut sínum í Landsbankanum lýkur afskiptum hins opinbera af elstu bankastofnun landsins. **Jónas Ragnarsson** stiklar á stóru í sögu bankans.



Fyrstu starfsárin var Landsbankinn í tveimur herbergjum í steinhúsinu sem nú er númer 3 við Bankastræti í Reykjavík (vinstra megin á myndinni, með gluggum á stafninum). Þar var lengi prentsmiðja og bókaverslun en síðustu ár hefur verið snyrtivöruverslun í þessu húsi.

„BANKA skal stofna í Reykjavík, er kallast landsbanki; tilgangur hans er að greiða fyrir peningaviðskiptum í landinu og styðja að framförum atvinnuveganna," sagði í fyrstu grein laga um stofnun landsbanka, sem Kristján 9. Danakonungur staðfesti 18. september 1885 en Alþingi hafði samþykkt þá um sumarið. Málið hafði ekki haft langan aðdraganda.

Opið í tvo tíma á dag

„Landsbankinn verður opnaður 1. júlí næstkomandi og verður opinn á hverjum virkum degi frá kl. 12–2 til 20. júlí. Prentuð eyðublöð undir beiðni um lán fást ókeypis í bankanum. Útborgun á lánsfé byrjar 7. júlí." Þannig var opnun fyrsta banka landsins auglýst í Ísafold 23. júní 1886.

Ekki þótti ástæða til að tilgreina í auglýsingunni hvar bankinn væri til húsa, sennilega hafa flestir íbúa Reykjavíkur, sem voru þá um þrjú þúsund, vitað að hann var í hluta af steinshúsi norðan við Bakarastíg eða Bakarabrekku (nefnt eftir Bernhöft bakara). Fljótlega breyttist nafn götunnar þó í Bankastræti „því bæjarstjórn þótti betur við eiga að kenna götuna við hinn nýja banka en við hinn gamla bakara," sagði í Árbókum Reykjavíkur.

Afgreiðslutími bankans tók nokkrum breytingum fyrstu mánuðina. Á tímabili var opið þrisvar í viku og síðan tvisvar í viku. Um haustið var aftur farið að hafa opið á hverjum virkum degi, en aðeins í klukkustund í senn.

Starfsmenn í hlutastarfi

Í upphafi voru starfsmenn bankans aðeins þrír, og allir í hlutastarfi. Lárus Sveinbjörnsson, 51 árs dómari í Landsyfirdómi, var bankastjóri, eða framkvæmdastjóri bankans eins og það var nefnt, Halldór Jónsson, 28 ára guðfræðingur og bæjarfulltrúi, var féhirðir, og Sighvatur Bjarnason, 27 ára landshöfðingjaritari, var bókari. Þeir höfðu allir siglt til Kaupmannahafnar veturinn áður og kynnt sér starfsemi banka.

Bankastjórinn hafði 2.000 krónur í árslaun en hinir 1.000 krónur hvor.

Auk þess kaus Alþingi tvo gæslustjóra, Eirík Briem og Jón Pétursson, og mynduðu þeir, ásamt bankastjóranum, stjórn bankans. Gæslustjórarnir fengu 500 króna þóknun árlega og átti annar þeirra alltaf að vera við þegar bankinn var opinn.

Skrifað á alla seðlana

„Landsbankinn fær að láni úr landsjóði allt að hálfri milljón króna, er skal vera vinnufé hans," sagði í lögunum. Í þessum tilgangi var heimilað að gefa út þrjár tegundir af seðlum, gráa 5 krónu seðla, bláa 10 krónu seðla og brúna 50 krónu seðla. Ástæða þótti til að taka fram í lögunum að engum öðrum en landsjóði væri heimilt að gefa út „bréfpeninga" hér á landi.

Framan á hverjum seðli var „brjóstmynd hans hátignar konungsins," eins og það var orðað í auglýsingu. Bakhliðar verðminnstu seðlanna voru auðar en kvenmannsmynd aftan á 50 króna seðlinum.

Landshöfðingi skrifaði nafn sitt á hvern einasta seðil svo og einn af embættismönnum bankans. Þetta var mikið verk og tafði fyrir afgreiðslu lána um skeið, enda „að sögn fullkomið dagsverk að undirskrifa 1.000 seðla," sagði Ísafold.

Fyrsta hálfa árið voru gefnir út þrjú þúsund 50 króna seðlar, fimmtán þúsund 10 króna seðlar og átta þúsund 5 króna seðlar.

Bankinn veitti 290 fasteignarveðlán, 60 sjálfsskuldarábyrgðarlán og 17 önnur lán. Keyptir voru sex víxlar og fjórar ávísanir. Fasteignalán máttu nema allt að helmingi eða tveimur þriðju af virðingarverði dómkvaddra manna og voru ekki til lengri tíma en tíu ára. Útlánsvextirnir voru 5% og 6%.

Meðal útgjaldaliða bankans voru húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting og húsbúnaður ýmislegur, þar á meðal peningaskápar. Í reglugerð um bankann var tekið fram að á aðalpeningahirslunni skyldi þannig gerð að „ekki verði henni lokið upp nema með 2 lyklum sem ekki eru eins," og átti bankastjórinn að hafa annan en féhirðirinn hinn.

Það voraði ekki vel árið 1886. Veturinn hafði verið snjóþungur, með löngum og hörðum kuldaköstum, og hafís lá við land frá því í mars og fram í ágúst. Þetta var árið sem Reykvíkingar minntust þess að hundrað ár voru síðan kaupstaðarréttindi fengust.

En til mestra tíðinda taldist opnun Landsbankans á miðju ári. „Um ekkert mál hefur verið jafn mikið ritað og rætt af öllum almenningi sem um bankann síðan hann tók til starfa," sagði í Þjóðólfi í árslok. Þess var getið að bankinn hefði bætt úr mestu peningaþrönginni og að brýnast væri í framtíðinni að hann losaði menn „úr ánauð lánsverslunarinnar".

Rúmlega 116 ára saga

Starfsemi Landsbankans hefur breyst mikið síðan hann tók til starfa fyrir 116 árum. Innlánsstarfsemi hófst á öðru starfsárinu, þegar Sparisjóður Reykjavíkur (hinn eldri) var sameinaður bankanum. Flutt var í nýbyggt hús við Austurstræti 1898. Fyrsta útibúið var opnað á Akureyri 1902. Landsbankinn fékk samkeppni þegar Íslandsbanki (hinn eldri) tók til starfa 1904, Búnaðarbankinn bættist við 1930 og síðar fleiri bankastofnanir.

Á eitt hundrað ára afmæli bankans, 1986, hreyfði Jónas Haralz bankastjóri þeirri hugmynd í viðtali við Morgunblaðið að bankinn ætti að „opnast fyrir aðild og áhrifum almennings" með sölu skuldabréfa og hlutabréfa. „Þessi þróun gæti endað með því að bankinn yrði almenningshlutafélag."

Landsbanka Íslands var breytt í hlutafélag í ársbyrjun 1998 og með sölunni til Samson ehf. lýkur beinum afskiptum hins opinbera af elsta banka landsins.

Í DAG STJÓRNMÁL

Katrín Fjeldsted alþingismaður hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, sem fram fer dagana 22. og 23. nóvember nk. vegna alþingiskosninganna næsta vor. Hún sækist eftir fjórða sæti.

Katrín hefur setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá ársbyrjun 1999 en verið varaþingmaður frá 1995.

Katrín er fædd í Reykjavík í nóvember 1946. Hún lauk stúdentsprófi frá MR 1966, kandídatsprófi í læknisfræði frá HÍ 1973 og stundaði framhaldsnám í Bretlandi á árunum 1974-1979. Hún hefur starfað sem sérfræðingur í heimilislækningum frá 1980.

Katrín var borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn árin 1982-1994. Sat í borgarráði 1986-1994 og var annar varaforseti borgarstjórnar 1985-1994.

Ingvi Hrafn Óskarsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Ingvi Hrafn er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna. Hann er 28 ára lögfræðingur og starfar sem aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra.

Ingvi hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna 1998-1999, átti sæti í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík og á nú sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Á háskólaárunum var Ingvi formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, átti sæti í Stúdentaráði og var kjörinn fulltrúi stúdenta í háskólaráði.

Stefanía Óskarsdóttir varaþingmaður og fráfarandi formaður Hvatar hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hún sækist eftir sjötta sæti.

Stuðningsmenn Stefaníu hafa opnað kosningaskrifstofu að Laugarásvegi 1. Hún er opin frá klukkan 14–22 virka daga og frá klukkan 13–18 um helgar.

Stefanía er fertug að aldri, doktor í stjórnmálafræði frá Purdue-háskóla í Bandaríkjunumog hefur starfað sem kennari við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Á þessu kjörtímabili hefur hún nokkrum sinnum tekið sæti á alþingi. Hún hefur setið í flokksráði Sjálfstæðisflokksins frá 1999. Hún lét af formennsku í Hvöt, félagi sjálstæðiskvenna í Reykjavík, á aðalfundi fyrir skömmu og var formaður jafnréttisnefndar flokksins frá 2000–2002. Þá hefur hún meðal annars starfað sem verkefnisstjóri í forsætisráðuneyti og menntamálaráðuneyti á kjörtímabilinu og sem formaður nefndar á vegum forsætisráðuneytisins, sem rannsakar efnahagsleg völd í þjóðfélaginu með tilliti til kynferðis.